

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómhúsinu við Lækjartorg, 150 Reykjavík  
Sími: 560-4900 Bréfsími: 562-2166 eða 562-2903

Reykjavík, 21. september 2012

Bjarnfreður H Ólafsson, kt. 171167-5079  
Suðurhúsum 5  
112 Reykjavík

## F Y R I R K A L L

Mál nr. S-00663/2012:

**Ákærandi:** Sérstakur saksóknari  
*Ólafur Þór Hauksson sérstakur saksóknari*

**Ákærðu:** Lýður Guðmundsson  
Bjarnfreður H Ólafsson

verður tekið fyrir á dómþingi fimmtudaginn 11. október 2012 kl. 15:00.


Staður: Salur 202.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að verða handtekinn og færður fyrir dóm.

Birtingarfrestur er þrjár sólarhringar.

  
\_\_\_\_\_  
Arngrímur Ísberg héraðsdómari

Framangreint fyrirfall og meðfylgjandi ákæra hefur í dag verið birt á skráðu lögheimili ákærða fyrir \_\_\_\_\_

Tengsl við ákærða: \_\_\_\_\_

( ) Ég hef jafnframt veitt viðtöku greinargerð/ -um vegna bótakröfu/-krafnna í málinu.

( ) Ég óska ekki eftir verjanda.

( ) Ég óska þess að \_\_\_\_\_ hdl./hrl. verði skipaður verjandi minn.

( ) Ég óska eftir fresti fram að þingfestingu til þess að tilnefna verjanda.

( ) Ég fel dómara málsins að tilnefna og skipa mér verjanda.

Dags./Undirskrift ákærða: \_\_\_\_\_ / \_\_\_\_\_

Vottorð boðunarmanns: \_\_\_\_\_

Sent til birtingar:

Sérstakur saksóknari / Ólafur Þór Hauksson sérstakur saksóknari  
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík

# ÁKÆRA

Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008

*gjörir kunnugt:*

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

Lýði Guðmundssyni, kt. 170767-5199,  
með lögheimili í Bretlandi og  
Bjarnfreði H. Ólafssyni, kt. 171167-5079,  
Suðurhúsum 5, Reykjavík,

fyrir eftirtalin brot gegn lögum um hlutafélög:

## I.

Á hendur ákærða Lýði fyrir að hafa hinn 8. desember 2008, sem stjórnarmaður einkahlutafélagsins BBR, kt. 591108-0850, brotið vísvitandi gegn ákvæðum laganna um greiðslu hlutafjár með því að greiða hlutafélaginu Exista, kt. 610601-2350, minna en nafnverð fyrir 50 milljarða nýrra hluta í Exista hf., að nafnverði 50 milljarða króna, sem BBR ehf. keypti sama dag og greiddi fyrir með 1 milljarði hluta í einkahlutafélaginu Kvakki, kt. 591108-0690, sem metnir voru á 1 milljarð króna, en á sama tíma var ákærði Lýður starfandi stjórnarformaður Exista hf. BBR ehf., sem þannig eignaðist 50 milljarða hluta í Exista hf., var í eigu einkahlutafélagsins Korks, kt. 420604-2030. Ákærði Lýður var stjórnarmaður Korks ehf. auk þess sem hann var eigandi félagsins ásamt bróður sínum, Ágústi Guðmundssyni.

Telst ofangreind háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 16. gr., sbr. 2. tl. 1. mgr. 153. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, með síðari breytingum.

## II.

Á hendur ákærðu Lýði og Bjarnfreði fyrir að skýra vísvitandi rangt og villandi frá hækkun á hlutafé Exista hf. með því að ákærði Bjarnfreður sendi hinn 8. desember 2008, að undirlagi ákærða Lýðs, tilkynningu til hlutafélagaskrár (fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra), Laugavegi 166, Reykjavík, þar sem ranglega kom fram að hækkun á hlutafé Exista hf., að nafnverði 50 milljarða króna, hefði að fullu verið greidd til félagsins þótt einungis hefði verið greitt fyrir hlutaféð með 1 milljarði hluta í Kvakki ehf. að verðmæti 1 milljarðs króna, eins og í I. tölulið greinir.

Telst ofangreind háttsemi ákærðu varða við 1. tl. 1. mgr. 153. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Að auki er þess krafist að ákærði Bjarnfreður verði, með vísan til 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961, sviptur réttindum til að vera héraðsdómslögmaður.

**Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.**

Hluthafafundur í Exista hf. samþykkti 30. október 2008 heimild til hækkunar hlutafjár félagsins um 50 milljarða króna að nafnverði með áskrift 50 milljarða nýrra hluta. Hluthafar féllu frá forkaupsrétti og stjórn félagsins var veitt heimild til að bjóða einstökum hluthöfum að skrá sig fyrir nýjum hlutum.

Í byrjun desember 2008 hélt félagið Bakkabraedur Holding B.V. á rúmlega 45% hlut í Exista hf., en ákærði Lýður var einn eigenda þess félags. Miðvikudaginn 3. desember 2008 sendi Núi Kaupþing banki hf. félaginu og ákærða Lýði tölvupóst þar sem farið var fram á greiðslu inn á lán bankans til félagsins og/eða að settar yrðu frekari tryggingar. Skyldi það gert eigi síðar en 8. desember 2008. Að öðrum kosti myndi bankinn leysa til sín hlutabréf í Exista hf., sem félagið Bakkabraedur Holding B.V. hafði sett bankanum að veði.

Hinn 4. desember 2008 samþykkti stjórn Exista hf. á stjórnarfundi, á grundvelli heimildar hluthafafundarins 30. október 2008, að auka hlutafé félagsins um 50 milljarða króna að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Í fundargerð stjórnarfundarins kemur fram og að ákærði Lýður og Ágúst bróðir hans myndu leggja fram andvirði 1 milljarðs króna persónulega í gegnum eignarhaldsfélag sem þeir hefðu stofnað. Það félag var BBR ehf.

Ákærði Lýður skrifaði undir kaupsamning við Exista hf, 8. desember 2008, fyrir hönd BBR ehf. Samkvæmt kaupsamningnum fékk Exista hf. 1 milljarð hluta í Kvakki ehf. í skiptum fyrir 50 milljarða nýrra hluta í Exista hf. Milljarður króna, sem sagður var inni í Kvakki ehf., stafaði frá Lýsingu hf., dótturfélagi Exista hf., í formi láns til Korks vélaleigu ehf., kt. 591108-0770, sem lánaði það til BBR ehf., sem lagði það inn í Kvakk ehf. sem aukið hlutafé. Féð var greitt inn á vörslureikning hjá lögfræðistofunni Logos þar sem innstæðan lá óhreyfð fram á sumarið 2009. Þessi milljarður króna rann því aldrei inn í rekstur Exista hf.

Hinn 8. desember 2008 tilkynnti ákærði Bjarnfreður til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra og Verðbréfasráningar Íslands hf., að undirlagi ákærða Lýðs og á grundvelli almennrar heimildar stjórnar Exista hf., að hlutafé Exista hf. hefði verið hækkað um 50 milljarða króna og að greitt hefði verið fyrir hlutafjárhækkunina að fullu, án fyrirvara um að einungis hefði komið greiðsla að verðmæti 1 milljarðs fyrir hina nýju hluti. BBR ehf. var í kjölfarið skráð fyrir 77,91% hlut í Exista hf.

Með þeim aðgerðum sem að ofan er lýst var farið þvert gegn ráðleggingum sérfræðinga og brotið gegn ákvæðum hlutafélagalaga um greiðslu hlutfjár. Hlutur annarra hlutahafa í félaginu var þynntur út og þannig tryggði ákærði Lýður sér og bróður sínum Ágústi yfirráð yfir félagasamstæðu Exista hf.

Hinn 11. desember 2008 leysti Nýi Kaupþing banki hf. til sín hlut félagsins Bakkabraedur Holding B.V. í Exista hf. Í stað þess að eignast rúmlega 45% hlut í Exista hf. eignaðist bankinn, að teknu tilliti til hlutfjárhækkunarinnar, einungis um 10,4% hlut við yfirtökuna.

Með bréfi 25. júní 2009 til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra afturkallaði lögmaður Exista hf. tilkynninguna um hækkun hlutfjár frá 8. desember 2008. Fjórum dögum síðar úrskurðaði fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að tilkynningin frá 8. desember 2008 hefði verið ólöglegt og lækkaði skráð hlutafé um 50 milljarða króna. Hinn 22. júlí 2009 ritaði ákærði Lýður, fyrir hönd BBR ehf., bréf til Exista hf. þar sem fyrrnefndum kaupsamningi á milli Exista hf. og BBR ehf. var rift. Eftir lækkun hlutfjárins var BBR ehf. engu að síður eigandi meirihluta Exista hf. með tæplega 52% hlut sem félagið hafði leyst til sín á grundvelli yfirtökuskyldu sem leidd var af kaupunum 8. desember 2008.

Í 1. mgr. 16. gr. laga um hlutafélög segir að greiðsla hlutar megi ekki nema minna en nafnverði, en tilgangur þessa ákvæðis er sá að koma í veg fyrir óeðlilega rýrnun hlutfjárins og vernda þannig bæði hluthafa félagsins og kröfuhafa. Ákvæðið nær einnig til þess þegar greitt er í öðrum verðmætum en peningum. Ákvæði 1. mgr. 16. gr. laganna er upphafsákvæði III. kafla hlutafélagalaga en yfirskrift kaflans er „Greiðsla hlutfjár“. Brot gegn ákvæðum þessa kafla eru refsiverð, sbr. 2. tl. 1. mgr. 153. gr. laganna. Sú háttsemi sem ákærða Lýði er gefin að sök varðar því refsingu samkvæmt umræddum ákvæðum hlutafélagalega en áskriftaraðili er ávallt ábyrgur fyrir greiðslu sem nemur nafnverði hlutar. Brotið er stórfellt í ljósi þess að um var að ræða 50 milljarða króna hlutafé og greiðslan nam einungis 2% af nafnvirði þess.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 153. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru er það varðar í tilkynningum til hlutafélagaskrár. Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra er safn nokkurra undirskráa, þeirra á meðal hlutafélagaskrár en tilkynningar er varða breytingu á skráningum hlutafélaga er beint til fyrirtækjaskrár.

Skrifstofu embættis sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008,

Reykjavík, 19. september 2012

Oláfur Þór Hauksson

